

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Ölfusi.

*Nýtt deiliskipulag fyrir landið Bakka 2, landnúmer 171681, í Ölfusi.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss 24. nóvember 2022, nýtt deiliskipulag sem skilgreinir lóð úr landinu til ræktunar.

Deiliskipulag þetta hefur hlotið meðferð skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

*Breyting á deiliskipulagi miðsvæðis í Þorlákshöfn.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss 26. janúar 2023, breytingu á deiliskipulaginu „Mói - miðbæjarkjarni Þorlákshöfn“.

Breytingin fjallar um tvær lóðir, Hnjúkamóa 2 og 4 og heimildir til uppbyggingar á þeim í samræmi við nýlega samþykkt aðalskipulag Sveitarfélagsins Ölfuss.

Deiliskipulagsbreyting þessi hefur hlotið meðferð skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

*Breyting á deiliskipulaginu „Lækur 2C – Ölfusi“.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss 23. febrúar 2023, breytingu á deiliskipulaginu „Lækur 2C – Ölfusi“.

Breytingin fjallar um heimildir til uppbyggingar og skilgreinir kvöð fyrir vatnslögn á lóðinni.

Deiliskipulagsbreyting þessi hefur hlotið meðferð skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

*Þorlákshöfn, 2. mars 2023.*

**Gunnlaugur Jónasson** skipulagsfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfudagur: 16. mars 2023